



**„Tæki tækifæra“
Hlutverk samvinnu og umhverfis í framúrskarandi sköpun**

Kjartan Vífill Iversen

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Tæki tækifæra“
Hlutverk samvinnu og umhverfis í framúrskarandi sköpun

Kjartan Vífill Iversen

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Viðar Halldórsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Kjartan Vífill Iversen 2014
180482-3429

Prentun: Háskólaprent
Staður, Ísland 2014

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður kannað hvaða félagslegu þættir ýta undir framúrskarandi sköpun þegar kemur að hjólabrettum. Einnig verður kannað hvaða áhrif umhverfi og aðstaða hefur á þróun og framfarir í hjólabrettaíþróttinni á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsingum um aðstöðu til iðkunar og kanna hvaða þættir iðkendur telja mikilvæga fyrir framgang íþróttarinnar á Íslandi. Þrjú hálfstöðluð viðtöl voru tekin við iðkendur sem hafa undanfarin ár skarað framúr á sviði hjólabretta. Þessi viðtöl ásamt vettvangsathugunum gefa innsýn inn í hugarheim iðkenda og hvaða viðhorf þeir telja mikilvæg til að ná að þroskast og þróa með sér færni. Kenningar um samvinnuhringi eru notaðar til að greina svör þátttakenda. Saga hjólabretta verður reifuð og sett í samhengi við það markaðsumhverfi sem nútímaíðkendur lifa í. Mikilvægt er að afla upplýsinga um félagslegt umhverfi hjólabrettaíðkenda, þar sem bakrunnur iðkenda er fjölbreyttur og iðkendum fer fjölgandi. Niðurstöður sýna að um mikla samheldni er að ræða hjá iðkendum og tilfinningar skipa stóran þátt í hjólabrettaheiminum.

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	5
Fyrir rannsóknir	7
Samvinnuhringir	10
Tilfærsla auðs	12
Aðferð og gögn	13
Markmið og rannsóknarspurningar	13
Rannsóknaraðferð	14
Að ná sambandi	14
Stutt saga hjólabretta	15
Skeiterar eða íþróttamenn	17
Myndun og samsetning	19
Myndbrot og önnur myndbirting	20
Viðskipti	24
Það þarf að vara sig	25
Áhrif umhverfis	26
Aðstaða í Reykjavík	28
Listrænir tilburðir	29
Umræða	30
Heimildaskrá	33

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til 180 (ects) eininga BA prófs í félagsfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn, Dr. Viðar Halldórsson, aðstoðaði mig við að þrengja viðfangsefni ritgerðarinnar. Umfjöllunarefnið er félagslegur veruleiki þeirra sem renna sér á hjólabrettum af metnaði og hvernig umhverfi getur skipt sköpum í þróun og þroska þeirra hæfileika sem til þarf. Kenningarleg nálgun á viðfangsefninu er lauslega byggð á nálgun Ugo Corte sem birta grein sína „*Refinement of Collaborative Circles Theory: Resource Mobilization and Innovation in an Emerging Sport*“ árið 2013 í fagtímaritinu *Social Psychology*. Í grein sinni leitast hann við að bæta kenningu Farrell's eins og hún kemur fram í bókinni „*Collaborative Circles: Friendships Dynamics and Creative Work*“ um samvinnuhringi, með því að fella inn í hana áhrif umhverfis á félagslegar breytingar.

Ég vil þakka Sigurði Júlíusi Bjarnasyni fyrir leiðsögn og aðstoð við val á þátttakendum og stöðu mála hvað varðar innanhúsaðstöðu í Reykjavík. Einnig vil ég þakka Hlyni Gunnarsyni fyrir sögulega yfirsýn hvað varðar íslenska hjólabrettameningu, Steinþóri Einarssyni skrifstofustjóra ÍTR fyrir upplýsingar um aðkomu Reykjavíkurborgar að hjólabrettaaðstöðu í Reykjavík. Öllum þeim sem vildu tala við mig á vettvangi, þá sérstaklega þeim Davíð Hólm Júlíussyni, Daða Snæ Haraldssyni, Davíð Þór Jósepssyni og Ársæli Þór Ingvarssyni, fyrir að gefa sér tíma til að hleypa mér inn í hjólabrettaheim sinn. Síðast en ekki sýst vil ég þakka Drífu Aðalsteinsdóttur, Melkorku Björk og Kára Ísleifi, fyrir að umbera mig á meðan á verkefninu stóð.

Inngangur

Það að renna sér á hjólabretti, snjóbretti, brimbretti, línuskautum og öðrum tækjum sem skera sig frá hefðbundinni íþróttaiðkun, með tilkomu skipulagðra íþróttafélaga, hefur verið álitid lífstílssport. Lífstílssport (*e. lifestyle sport*), einkennast af einstaklingsfrelsi, tjáningu, framsækni, mikilli áhættu, listrænum tilburðum og frelsi til að leita nýrra leiða til að túlka og framkvæma (Wheaton, 2004).

Rökræður um hvort að golf og skák skuli kallað íþróttir eða ekki ættu flestir að kannast við. Það að renna sér á skíðum niður fjall, eftir ákveðinni braut á sem skemmstum tíma er eflaust íþróttaiðkun. Formið er staðlað og sniðið á athæfinu gerir

Það keppnishæft, það er einfaldlega verið að keppa við klukkuna. Vítt svið athæfis hefur fengið nafngiftina „Jaðarsport“ á íslensku. Áhugamál er jafnvel álitid léttvægt hugtak í augum þeirra sem stunda jaðarsport, því mikil ástríða, metnaður og tilfinningar fylgja slíkri ástundun. Svo er það annað mál að ef vilji er fyrir hendi er hægt að keppa í nánast öllu.

Aðstæða til hjólabrettaiðkunar á Íslandi hefur breyst mikið á undanförunum áratugum. Sjálfur hef ég rennt mér meira og minna eftir götum og göngustígum í Reykjavík síðan 1988. Götur eru almennt saltaðar og sandi er dreift á gangstéttir á veturna. Þegar snjó leysir geta liðið margar vikur uns borgaryfirvöld fara að sópa gangstéttir. Mikil notkun á nagladekkjum í bland við áhrif salts á frostsKemmdir í steypu og á malbiki gerir undirlag í Reykjavík fremur hrjúft og erfitt yfirferðar á litlum plasthjólum. Hjólabrettapöllum hefur fjölgað í Reykjavík á undanförunum 20 árum og Brettafélag Reykjavíkur hefur í samstarfi við Reykjavíkurborg haldið úti innanhús aðstöðu til hjólabrettaiðkunar á veturna til að koma til móts við þarfir þeirra sem renna sér á hjólabrettum.

Margir sem stunda lífstílssport eru á því máli að ekki sé hægt að raða framlagi hvers og eins í stigaröð eins og er gert í fimleikum, þar sem ekki er um neina stöðlun að ræða (Wheaton, 2004).

Ómögulegt er að fullyrða um aldur þessara greina en árið 1995 voru haldnir fyrstu *X Games* þar sem keppt var á hjólabrettum. Sú keppni er talinn hafa fært hjólabrettaiðkun almenna viðurkenningu sem íþróttagrein (Margrét, 2008). Mikil aukning hefur verið í fjármagni, sem umlykur þennan heim, á undanförunum tuttugu árum eða svo. Mikil aukning hefur verið á sýnileika, markaður fyrir vörur sem tengjast slíkri iðkun hefur stækkað og auglýsingatekjur hafa aukist. Auglýsingatekjur og atvinnumenska eru samhangandi, þar sem auglýsendur borga laun atvinnumanna (Thorpe og Wheaton, 2011).

Hvaða félagslegu þættir aðskylja almenna iðkendur og þá sem skara fram úr? Hvað þarf til verða atvinnumaður í einstaklings íþrótt, þar sem frjáls markaður ræður því hverjir ná árangri?

Fyrrir rannsóknir

Sköpunargleði iðkenda og samskipti við aðra iðkendur skiptir miklu máli þegar kemur að mótun og þroska einstaklingsins sem stundar „sportið“, einnig getur ástundunartími og þrautseigja hans verið undir áhrifum frá umhverfi og þeim félagsskap sem iðkuninn á sér stað í. Margar rannsóknir á sköpunargleði lítilla hópa hafa verið framkvæmdar í lokuðu umhverfi tilraunastofa og í meðferðarskyni. Slíkar aðstæður geta dregið úr möguleikum á að yfirfæra samspil einstaklinga á aðstæður í samfélaginu (Farrell 1976, 2001)

Í bók sinni *Collaborative Circles: Friendships Dynamics and Creative Work* rýnir Farrell í sagnfræðileg gögn og nýtir aðleiðslu til að þróa kenningu um sköpunargleði í smáum hópum. Með því að greina í smáatriðum með hvaða hætti hópamyndun á sér stað, með hvaða hætti hópar þróast og hvað einkennir hnignun margra mismunandi hópa, nær hann að draga fram sameiginlega þætti sem einkenna þessi ferli. Í bók sinni bendir hann á að framúrskarandi sköpun og hugsun er ekki endilega afleiðing þess að vera framúrskarandi einstaklingur. Framúrskarandi sköpun er afurð náinnar vináttu og trausts, sem gefur einstaklingnum frelsi til að leyta nýrra leiða. Farrell heldur því fram að sértæk félagsleg ferli einkenni mismunandi stig þróunar þessa hópa og að framúrskarandi afrek séu afleiðing náinnar vináttu og samstarfs margra hæfileikaríkra einstaklinga, til lengri tíma (Farrell, 2001).

Kenning Farrells hefur notið nokkurar hylli innan félagsfræðinnar (Collins, 2004; DeNora, 2003 og Fine 2003) en hún á sér einnig gagnrýnendur (Corte, 2013; DeNora, 2003; Farrell; 2001, 2008; og McLaughlin, 2008).

Þó svo að greining Farrells sé ítarleg, er hún gerð eftir að atburðirnir hafa átt sér stað og því hefur hann ekki getað fylgst með þeim, heldur reiðir sig á skriflegar heimildir og getur ekki spurt gerendur nánar út í athæfi þeirra (DeNora, 2003).

Heimildir gera Farrell erfitt fyrir að greina samskipti hópmeðlima í samhengi við umhverfi þeirra (McLaughlin, 2008). Farrell sjálfur tekur það fram að greining hans sé lýsandi og nái ekki að fjalla um undirliggjandi orsakasambönd sem gætu verið afgerandi í þróun hópa (Farrell; 2001, 2008).

Borgarskipulag og hlutverk lóða getur tekið breytingum með tíð og tíma. Hlutverk og útlit bygginga hefur áhrif á íbúa í nærumhverfi þessara bygginga og þeirra sem stunda einhverskonar iðju í mannvirkjum. Byggingalist er listform en líka

órjúfanlegur hluti af daglegu lífi, viðskiptum, félagsheiminum og svo framvegis. Arkitektat miðla skoðunum og tilætlunum hópa sem hafa hagsmuna að gæta. Arkítekta hafa ekki það frelsi að láta sín einstaklingsviðhorf ráða öllu um verk sín. Arkítekta eru hópur fólks sem stendur síðan í forsvari fyrir einhverja hugmyndastefnu eða skoðun á því hvernig eigi að bera sig að í skipulagningu borga og mannvirkja (Borden, 2014). Rannsóknir sýna að margar leiðir eru til að komast að niðurstöðu hvað varðar hönnun á mannvirkjum. Borgarskipulag og hlutverk lóða geta tekið breytingum með tíð og tíma. Hlutverk og útlit bygginga geta haft afdrifarík áhrif á íbúa í nærumhverfi þessara bygginga og þeirra sem stunda einhverskonar iðju í þessum mannvirkjum (Borden, 2014).

Hægt er að færa rök fyrir því að hjólabrettaiðkun falli undir regnhlífarhugtakið „jaðarsport“ eða „lífstílsport“. Hefðbundnar íþróttgreinar eins og til dæmis fótbolli, frjálssar íþróttir, fimleikar, golf og svo framvegis, reiða sig á staðlað form og reglur sem hægt er að nota til að keppa eftir og skilgreina hlutverk iðkenda. Engar slíkar reglur er að finna í jaðarsportgreinum. Þar er áherslan lögð á upplifunina sjálfa sem fylgir því að stunda sportið. Stílbrigði iðkenda, sköpun og túlkun ásamt mismikilli hættu einkennir hjólabrettaiðkun. Taka þarf tillit til fjölbreytileika þegar samband einstaklinga við íþróttir er skoðað. Margslungið samband iðkenda við umhverfi getur verið fræðandi og lýsandi fyrir samband íþróttar, menningar og samfélagsins (Wheaton, 2004).

Áhrif fjölmiðla á ímynd hjólabrettaiðkenda eru mikil og geta verið ráðandi í hugmyndum almennings sem ekki þekkja til af eigin raun. Fjöldi myndbirtinga í blöðum ásamt umræðu í fjölmiðlum geta hæglega mótað sýn og jafnvel ýtt undir fordóma í garð framandi menningar (Atencio, Beal og Wilson, 2009).

Gildi sem verða til innan ákveðins hóps af iðkendum geta ratað í almenna umræðu í gegnum fjölmiðla og auglýsingar. Eitthvað sem verður til af handahófi, eins og til dæmis myndbrot framleidd af áhugasömum iðkendum, verður að markaðsvöru og eiginlegir skaparar hennar njóta ekki góðs af. Í það minnsta ratar ekki sölugróði fyrirtækja jafnt í hendur skapara og þeirra sem markaðssetja. Framleiðslufyrirtæki og verslunareigendur eru í stöðu til að nýta sér afrakstur sköpunar jaðarsportiðkenda (Watson, 2007).

Því hefur verið haldið fram að hjólabrettamenning sé byggð á samtali milli mismunandi karllægra gilda sem samanstanda af krafti, hættu og völdum (Atencio og fl., 2009; Kusz, 2007).

Slík hugtök eru auðnýtanleg til markaðssetningar. Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa aflað mikilla upplýsinga um samspil áhorfenda og iðkenda íþróttagreina. Samheldni milli aðdáenda eru mynduð á grundvelli tilfinninga og upplifun áhorfandans getur haft marktæk áhrif á líkamlega og andlega líðan (Bizman og Yinon, 2002; Wann, 2006; Wann og Branscombe, 1993; Wann og Pierce, 2003).

Með því að líta ekki á aðdáendur sem helga líf sitt einhverri ákveðinni íþrótt, sem frávika, heldur frekar leitast við að skýra jákvæðar afleiðingar þess að tilheyra aðdáendahópi, eins og félagslega samheldni í gegnum sameiginlega reynslu, myndast gildi í hugum aðdáenda sem eru mótandi á skoðanir þeirra. Flestir þeir sem stunda hjólabrettasportið af miklum krafti eru aðdáendur af lífi og sál. Aðeins lítill hluti iðkenda hefur lifibrauð sitt af iðkuninni og því er hægt að færa rök fyrir því að flestir þeir sem stunda jaðarsport eða lífstíllsport séu í raun ástríðufullir aðdáendur sem að einhverju leyti helgi líf sitt einhverju áhugamáli. Þessi viðhorf sem myndast í hópi aðdáenda eru mótandi fyrir einstaklinginn (Hugenberg og Hugenberg 2008; Kraszewski, 2008; Wenner 1990).

Aðdáendur eru neytendur félagslegra gæða, gæða sem einungis verða til í félagslegu samhengi þar sem fjölmiðlar leika lykilhlutverk í túlkun og merkingarsköpun. Þeir eru því í lykilstöðu til að móta skoðanir þeirra sem ekki þekkja til af eigin raun (Hughson og Free, 2006; Lee, 2005).

Einhverjir fræðimenn vilja meina að það að tilheyra hópi dyggra aðdáenda sé ákveðið form af trúarbrögðum, hópurinn veitir svör við ýmsum spurningum sem heyra að tilverunni og eðli hennar, sem og veitir handleiðslu hvað varðar sálarlíf einstaklingsins (Birrell, 1981; Burstyn, 2005; Frey og Eitzen, 1991; Hunt, 2003).

Athafnir byggðar á vana mynda stöðugleika í samfélaginu. Mikilvægi tómsundaiðkunar eins og það að renna sér á hjólabretti losar mann undan hamlandi áhrifum vanans í félagslegu samhengi. Elias og Dunning hafa dregið fram mikilvægi þeirrar spennu sem fylgir frístundaiðkun (1986) og þeirri lausn frá viðjum vanans sem þeirri iðkun fylgir. Tilvera í samfélagi einkennist af „óumflýjanlegum hömlum vanans“ (Elias og Dunning, 1986, bls. 71).

Samkvæmt Elias veitir frítímaíðkun einstaklingnum tækifæri til að fullnægja þörf sinni á því að upplifa sterkar og áhrifaríkar tilfinningar á almannfæri (Elias og Dunning, 1986) og þar með losnar einstaklingurinn við uppsafnaða spennu. Þetta viðhorf styður við hugmyndir Freuds (1961) um spennu og neikvæðar tilfinningar og hvernig einstaklingurinn þarf að fá tækifæri til að losa sig við þessar tilfinningar, helst með reglulegu millibili og á sem öruggastan máta. Samkvæmt þessu eru tilfinningar í eðli sínu orsök ólgu og íþróttaiðkun veitir farveg til að losa um spennu og að lokum leið til að öðlast innri frið. Til viðbótar veitir sjónarhorn samskiptakenninga (*e. symbolic interactionism*) viðfangsefninu mikilvæga viðbót, þar er einblínt á þær tilfinningar sem aðdáendur deila og hvaða áhrif þær hafa á samheldni og félagslega samþættingu. Til mótvægis við hugmyndir Elias og Freud um tilfinningar, gera samskiptakenningar ráð fyrir því að tilfinningar séu undirstaða samfélagsins en ekki möguleg ógn við samfélagið. Tilfinningar eru því að einhverju leyti orsök samskipta og afleiðing þeirra. Rannsóknir á sviði félagsvísinda hafa safnað miklum upplýsingum um gangverk sem virka á stóra hópa þegar kemur að áhrifum umhverfis á hópa og áhrif hópa á umhverfið. Þó svo að hópamyndun sé að einhverju leyti skilyrði fyrir slíkum breytingum eru það þó einstaklingarnir innan hópsins sem verða að bera sig eftir þeim gæðum og breytingum sem þeir óska eftir að eigi sér stað (Edwards og McCarthy 2004; McAdam, McCarthy, og Zald 1996; McCarthy og Zald 1977).

Með því að innlima umhverfislega þætti inn í kenningu Farrells nær Corte að samþætta kenningar helstu fræðimanna á sviði tilfærslu auðs (*e. resource mobilization theory*) (Edwards and McCarthy 2004; McCarthy and Zald 1977). Þannig nær Ugo að endurbæta kenningu Farrells með kenningarlegri framlengingu (*e. theoretical extension*) (Snow, Morrill, and Anderson 2003).

Með endurbætta kenningu Cortes mun þessi ritgerð skoða íslenska hjólabrettamenningu og skýra hvaða þættir ýta undir framúrskarandi sköpun á sviði hjólabretta á Íslandi.

Samvinnuhringir

Farrell skilgreinir samvinnuhring (*e. collaborative circle*) sem: „hóp jafningja sem hafa öðlast sameiginlega sýn á eigin vinnu, eftir langt samvinnuferli og í sameiningu framleiða eftirtektaverða hluti á sínu sérsviði“ (Farrell, 2001, bls. 13). Algengt er að

meðlimir hópsins séu á svipuðum aldri og við myndun hópsins hafa þeir jafnan aðgang að auði (Bordieu, 1993 og Farrell, 2001), slíkur félagsskapur fagnar fjölbreytni og myndar hóp byggðan á jafnræði innan hópsins (*e. egalitarian*). Þrátt fyrir sameiginlega sýn eru einstaklingsbundin stílbrigði áberandi og sértæk einkenni hvers og eins hafa ákveðnu hlutverki að gegna innan hópsins (Corte, 2013).

Venja síaukinnar jákvæðrar endurgjafar (*e. norm of escalating reciprocity*) innan hópsins hvetur þátttakendur til að reyna á þekkt þolmörk viðfangsefnisins og háskafullur leikur, það er að segja að ganga lengra en áður, verður að normi. Með slíkri samvinnu eru ný markmið sköpuð og áður þekktar takmarkanir gerðar að engu, hópurinn gengur sífellt lengra og lengra í ævintýralegru nýjungarsköpun. Þar sem um mikinn stuðning jafningja er að ræða verða meðlimir hópsins öruggari í leit sinni að framförum, lausir við efasemdir um eigið ágæti og virða vanþóknun utanaðkomandi að vettugi (Corte, 2013).

Tvö lykilhugtök skýra gagnkvæm áhrif jafningja; verkfræðileg nánd (*e. instrumental intimacy*) og venja síaukinnar jákvæðrar endurgjafar (*e. norm of escalating reciprocity*). Verkfræðileg nánd er: „form samskipta milli eininga innan hópsins, sem einkennast af trausti, stuðningi og frjálsum flæði hugmynda, sem hlýst af mikilli þekkingu á getu hvors annars, sem fengin er eftir langt samstarfsferli“ (Corte, 2013, bls. 27). Venja síaukinnar endurgjafar lýsir því gangverki sem leiðir af sér þá hegðun hópmeðlima að: „jafna eða reyna að betrumbæta verk hvors annars og eykur því á gæði þess sem er framleitt innan hópsins í heild“ (Corte, 2013, bls. 27).

Að öllu jöfnu einkenna þessi sjö stig samvinnuhringi; mótun, mótþrói, leit, stig skapandi vinnu, sameiginleg framleiðni, sundurliðun og endurfundir. Sameiginlegt kunningjanet mótar hópinn, með hjálp hliðvarðar (*e. gatekeeper*). Þar sem einhverjir sameiginlegir þættir eru þegar til staðar við myndun hópsins, hefst samvinna innan hópsins snemma og vinna að sameiginlegu markmiði verður aðalatriði (Farrell, 2001). Sameiginlegar skoðanir eða áhugamál eru þó ekki nóg ein og sér til að mynda samvinnuhring, aðstæðubundnir umhverfisþættir gegna lykilhlutverki og verða ekki aðskyldir frá þeim athöfnum sem einstaklingar framkvæma í hópi, rétt eins og tími og rúm eru óaðskiljanleg hugtök (Corte, 2013).

Rannsóknir á sviði samskipta eiga það til að hundsá umhverfið, sem þessi samskipti eiga sér stað í (Felmlee og Sprecher, 2000). Þessi ritgerð fylgir því eigindlega

rannsóknarsniði sem Glaser og Strauss (1967) kalla grundaða kenningu (*e. grounded theory*) þar sem kenningin byggir á gögnum sem safnað hefur verið á vettvangi og styrkir því mátt staðreynda byggða á sértækum tilvikum til að lýsa almennum ferlum í félagslegu samhengi (Glaser og Strauss, 1967).

Tilfærsla auðs

Kenningar um tilfærslu auðs (*e. resource mobilization theory*) byggja á samvirkni sjónarhorni félagsfræðinnar (*e. structuralism*). Þessar kenningar líta á mótlæti sem samofinn þátt af tilverunni og leitast við að skýra félagslegar athafnir með tilliti til þess umhverfis, sem athafnirnar eru framkvæmdar í. Satt er það að til að mynda samfélag þarf einstaklinga, en í stað þess að einblína á einstaklinginn þegar skýra á félagsleg fyrirbæri og líta á hann sem frávik eða leikara, þá leitast kenningar um tilfærslu auðs við að skýra það hvernig áhrif samfélagslegra athafna tengjast umhverfi sínu (Jenkins 1983; McCarthy og Zlad 1977).

Við greiningu á vettvangsrannsóknum og hálfstöðluðum viðtölum sem safnað var saman fyrir þessa ritgerð er notast við skilgreiningu Edwards og McCarthy (2004) á þeim auð sem stýrir mestu í myndun og hnignun félagslegra fyrirbæra. Mannauður, efnislegur auður, andlegur auður, samfélagsskipan og menningarlegur auður. Mannauður felur í sér vinnu, styrk, getu, sérhæfni og reynslu. Efnislegur auður vísar til peninga, búnaðar, byrgða og annara veraldlegra gæða. Peningar eru mjög mikilvægur auður þar sem hægt er að skipta þeim í annan efnislegan auð, en ekki öfugt. Andlegur auður felst í samheldni þeirra gerenda sem eiga í hlut, stuðningi byggðan á samúð og skilningi og þrautseigju. Samfélagsskipan vísar í hversu vel hópnum tekst að uppfylla fyrirfram ákveðin markmið. Menningarlegur auður felur í sér kunnáttu og skilning á því umhverfi sem hver og einn samvinnuhringur starfar í (Edwards og McCarthy; 2004).

Með því að bæta hugmyndum um tilfærslu auðs í greiningarskema samvinnuhringa telur Corte (2013) að hægt sé að innlima mikilvæg blæbrigði í greiningar á félagslegum fyrirbærum. Í kenningu Farrells (2001) um samvinnuhringi fjallar hann um staði sem draga að sér framúrskarandi sköpun, (*e. magnet place*), slíkur staður gæti verið einn hjólabrettagarður eða kaffihús. Í stað þess að líta á umhverfi í stærra samhengi eins og hver er munurinn á hjólabrettagörðum á Akureyri og í Reykjavík, þá leitast kenningar um tilfærslu auðs eftir því að kanna blæbrigðarmun á áhrifum

mismunandi hjólabrettaaðstöðu og áhrifum þeirra á framgang íþróttarinnar. Með þessari viðbót telur Corte (2013) að hægt sé að rýna betur í orsakir myndunar, framgangs og velgengni mismunandi samvinnuhringa.

Aðferð og gögn

Gögnum var safnað á tímabilinu mars 2013 til ágúst 2014. Til að byrja með veitti Sigurður Júlíus Bjarnason formaður Brettafélags Reykjavíkur mikilvægar upplýsingar um stöðu mála hvað varðar húsnæði og aðstöðu til brettaiðkunar í Reyjavík. Það félag hefur til margra ára starfað með Reykjavíkurborg og haldið utan um rekstur á innanhús aðstöðu til hjólabrettaiðkunar. Óformlegar fyrirspurnir voru sendar inn til Reykjavíkurborgar og svaraði Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri ÍTR, þeim með viðtali við mig um hlutdeild ÍTR í kostun á þessum gördum. Í ágúst 2013 byrjaði heimildarleit og fræðileg rannsóknarvinna. Í janúar 2014 benti Dr. Viðar Halldórsson mér á greinina „*Refinement of Collaborative Circles Theory: Resource Mobilization and Innovation in an Emerging Sport*“ eftir Ugo Corte og við það myndaðist rammi til að greina þau gögn sem þegar hafði verið safnað. Út frá lestri á þessari grein tók við annað heimildarleitartímabil. Eftir að hafa þrengt viðfangsefni þessarar ritgerðar með frekari heimildarleit hafði ég samband við Davíð Hólm Júlíusson, Davíð Þór Jósefson og Daða Snæ Haraldsson. Þeir samþykktu allir að leyfa mér að slást í för með sér og veita mér viðtöl.

Markmið og rannsóknarspurningar

Þessi rannsókn er fyrsta skrefið í átt að öflun meiri þekkingar og innsæi inn í þennan heim hjólabrettaiðkenda. Fyrri rannsóknir, viðtöl og vettvangsathuganir, leiddu í ljós að umhverfisþættir eru lykilatriði þegar kemur að hömlum hvað varðar framgangi félagslegra fyrirbæra. Eru aðstæður sem hið opinbera útvegar, hamlandi eða hvetjandi fyrir iðkendur? Hvaða félagslegu gangverk stuðla að framúrskarandi sköpun í þessari einstaklingsíþrótt? Ásamt því að veita svar við þessum spurningum mun þessi rannsókn skoða hvaða viðhorf iðkendur hafa til þessa fyrirbæris sem sumir kalla íþrótt en aðrir lífsstíl.

Rannsóknaraðferð

Lítið sem ekkert hefur verið skrifað af fræðilegum texta um hjólabrettaiðkun á Íslandi og engum tölfræðilegum gögnum hefur verið safnað. Þessi rannsókn fylgir eigindlegu rannsóknarsniði (*e. Qualitative reaserch*), þar sem rannsakandinn er miðja allra mælinga og úrvinnslu gagna. Rannsakandi túlkar orð og hegðun þess sem er til rannsóknar og byggir niðurstöður sínar á lýsandi rannsóknargögnum. Aðleiðsla (*e. Induction*) er notuð til að kynna sér þann félagsheim sem á að rannsaka og með því að styðjast við grundaða kenningu (*e. Grounded theory*) er hægt að mynda kenningu eða tilgátu út frá gögnunum.

Að ná sambandi

Þegar á þessari rannsókn stóð var ég starfsmaður í einni af stærri hjólabrettabúðum á Íslandi. Á árunum 2007 til 2010 starfaði ég hjá félagsmiðstöð í Reykjavík, sem þjónustaði ungmenni á aldrinum níu til sextán ára. Frá árinu 2006 til þessa dags hef ég unnið við sumarnámskeið, á vegum ÍTR, fyrir börn á aldrinum níu til sextán ára. Sjálfur hef ég verið að renna mér með hléum á hjólabretti síðan 1988 og hef aldrei misst áhugann á að fylgjast með hjólabrettameningunni þó svo að ég sé ekki þátttakandi lengur af fullum krafti. Samt renni ég mér reglulega og hef oft rekist á þessa stráka þegar ég hef verið að renna mér.

Þegar ég var á vettvangi að fylgjast með rakst ég á fjölbreyttan hóp iðkenda, þó svo að ég hafi verið með upptökutæki og tölvu með mér, er ekki svo óalgennt í dag að einhver sé að skrásetja athafnir jaðarsportiðkenda. Reynsla mín og þekking á menningu og viðfangsefni gerði það að verkum að ég aðlagðist umhverfinu á náttúrulegan máta (Hammersely og Atkinson 2003; Junker 1960).

Ég fylgdist með hegðun og tók upp hljóð ásamt því að skrifa niður athugasemdir á vettvangi. Ég tók hálfstöðluð viðtöl við Davíð Hólm Júlíusson, Davíð Þór Jósefson og Daða Snæ Haraldsson. Ég ritaði þau upp í Microsoft Word og notaði orðaleit til að greina þemu í málfari þeirra. Úrtakið sem var notað til að safna gögnum var hentileikaúrtak, það er að segja þeir sem voru að renna sér á sama stað á sama tíma og ég var að fylgjast með strákunum, voru partur af hentugleikaúrtaki. Kenningarleg úrtök (*e. theoretical sampling*) (Glaser og Strauss 1967) réðu til um hverjum var veitt viðtal og hverjum ekki. Ég gerði mikið til að viðfangsefni litu á mig sem félag

rannsakenda (*e. buddy researcher*) (Snow, Benford og Anderson; 1986) það er að segja einhverskonar rannsakandi þátttakandi (*e. researcher participant*)(Gans 1982). Þetta form af samskiptum er vel til þess fallið að skapa traust á milli rannsakenda og viðfangsefna (Whyte 1943). Réttmæti upplýsinga sem safnað var á vettvangi byggir ekki á tilfærslugetu yfirlýsinga og alhæfingargildi þeirra. Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um hvað mætti betur fara í samskiptum á milli hjólabrettaiðkenda og samfélagsins. Vettvangsrannsóknir gefa upplýsingar um viðhorf iðkenda (Gould og fl. 1974) og til að þrímiða (*e. triangulate*) (Denzin, 1989) upplýsingar fengnar á vettvangi er upplýsingum einnig safnað með hálfstöðluðum viðtölum. Bæði á vettvangi og í viðtölunum beitti ég viðtalstækni sem mætti kalla spurning sem athugasemd (Snow, Zurcher og Sjoberg 1982). Þessi viðtalstækni getur reynst áhrifarík, þar sem hún líkist óformlegu spjalli milli kunningja og getur náð ómenguðum viðhorfum, svör við athugasemdum gefin í hita leiksins, laus við alla tilgerð. Snow og fleiri (1982 og 1993) hafa tilgreint átta mismunandi athugasemdir. Undrun, glettni, endursögn, lýsandi, hvatning, hneykslun, *altercasting*, og mat. Corte (2013) hefur bætt við annarri tegund af athugasemdum sem hann kallar: „tilvitnunin“ (Corte, 2013, bls. 31). Með tilvitnun á hann við þá aðferð að lesa búa úr viðtölum við aðra þátttakendur og leyfa viðmælenda að tjá sig um tilvitnunina. Þrjár megin útkomur eru fengnar með þessari tækni, að fá nánari útlistun og víðara sjónarhorn á innihald tilvitnunarinnar, að þrímiða innihald tilvitnunarinnar og auka þar með réttmæti hennar og að lokum er hægt að fá ítarleg svör við viðkvæmum málefnum með því að gefa viðmælenda tækifæri á því að tjá sig um viðhorf annarra (Corte, 2013).

Stutt saga hjólabretta

Enginn veit í raun hver var fyrstur til að renna sér á hjólabretti, en þau eru upprunalega frá Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Á árunum 1940-1960 byrjaði brimbrettaáhugafólk að renna sér á götunum á einhverju sem líktist brimbretti þegar ekki gaf til brimbrettaiðkunar á hafi úti. Þá voru hjól af hjólaskautum fest við einhverskonar trébretti, fengin af trékössum eða einhverju slíku. Með tíð og tíma, ásamt auknum vinsældum var farið að sérhanna bretti til þessarar notkunar. Um 1960 voru verslanir farnar að hanna og selja sérstök hjólabretti til hjólabrettaiðkunar, árið 1965 var haldin fyrsta hjólabrettakeppni sögunnar í bænum Anaheim í Kaliforníu.

Árið 1972 komu fyrstu fjölúretan (*e. polyurethane*) hjólin á markað og á svipuðum tíma kom uppbrettur endi (*e. kick tail*) á hjólabrettaplötturnar (Margrét, 2008). Vinsældir sportsins ruku upp eftir það. Á þeim tíma voru ekki til sérútbúin svæði eða hjólabrettagarðar, iðkendur söfnuðust því saman á stöðum sem voru auglýstir í sérstökum hjólabrettablöðum. Á þessum tíma var algengt að iðkendur væru að snú sér í marga hringi á afturhjólum brettana og allskyns snúningar á hjólabrettaborðplötunni voru algengir. Árið 1975 var haldin stór keppni í bænum Del Mar í Californíuríki þar sem Zephyr liðið kynnti fyrir almenningi nýja aðferð við að renna sér. Liðið renndi sér af meiri hörku og hraða en aðrir keppendur, tóku snöggar beygjur og hoppuðu upp af jörðinni með brettið undir sér. Framganga Zephyr liðsins breytti ásýnd hjólabretta og hafði varanleg áhrif á iðkun eftir þessa keppni (Mortimer, 2008). Árið 1976 var mikill þurkur í Kaliforníu ríki, íbúar þurftu að fara sparlega með vatn. Margar sundlaugar stóðu því tómar þetta sumar og nútíma hjólabrettaiðkun varð til. Með því að renna sér í sundlaugum varð til ný aðstaða fyrir iðkendur og nýjar brellur urðu til. Tvær megin tegundir hjólabrettaiðkunar mynduðust fyrir tilstilli þess. Götuiðkun (*e. street skating*) eða (*e. freestyle skating*) og svokölluð pallaiðkun (*e. vertical skating*) (Brisick, 2004; Mortimer, 2008). Í byrjun á níundaáratug tuttugustu aldar urðu hjólinn léttari og plötturnar urðu grennri, þá varð auðveldara að snúa brettinu í loftinu um þrjá ása undir manneskjunni sem var að renna sér (Mortimer, 2008). Þá voru hjólabrettaiðkendur farnir að stofna fyrirtæki sem framleiddu og seldu sérhannaðan búnað til hjólabrettaiðkunar, þessi fyrirtæki réðu ríkjum á markaðinum þar til stórfyrirtæki á borð við *Nike* fór að fjárfesta í og framleiða búnað í byrjun tuttugustu og fyrstu aldar (Davis, 2004). Tækjabúnaðurinn sem notaður er til hjólabrettaiðkunar hefur sem sagt breyst og þróast og lagað sig að nýjum aðstæðum og breyttum þörfum iðkenda (Margrét, 2008). Lítið er til af upplýsingum um hjólabretti og hjólabrettamenningu á Íslandi. Þó svo að framfarir í íþróttum megi rekja til einstaklinga, eru þær einnig tengdar þeim möguleikum sem búnaður og umhverfi bjóða upp á. Þeir félagar Davíð Hólm, Davíð Þór og Daði Snær kynntust, sumarið 2011 í gegnum þætti, sem voru einungis sýndir á netinu, sem Addi framleiddi. Síðan þá hefur samvinna og samheldni þeirra aukist og hjálpað þeim að ná lengra í sportinu en þeir hefðu annars gert. Í framhaldi af ákveðinni samfélagsskipan hefur félagsskapur þeirra fært þeim öllum efnislegan auð í formi styrkja og andlegan auð í formi gagnkvæms stuðnings með síaukinni jákvæðri endurgjöf. Verkfræðileg nánd hefur gert hópinn eftirsóknarverðan og aukið þannig

vilja hjá öðrum hjólabrettaiðkendum til að skara framúr. Þessi mannaúður sem finna má í hjólabrettaiðkendum í Reykjavík, hefur fram til þessa, aukið á þann menningarauð, sem borgin hefur upp á að bjóða. Kenning Farrells um samvinnuhringi fjallar einnig um hvernig slíkir hringir ljúka tilvist sinni. Það hefur ekki enn gerst hjá þessum herraöðnum.

Skeiterar eða íþróttamenn

Hvað á svo að kalla það, þegar einhver rennir sér á hjólabretti, er það íþrótt eða er það partur af lífstíl? Ekki eru allir þeir sem renna sér á sama máli en eitt eru þeir sammála um, þeir eru „skeiterar“ og það sem þeir gera daglega er að „skeita“. Rökræður um hvort að iðjan sé list, íþrótt, iðn eða áhugamál eru algengar. Mismunandi stílbrigði einkenna iðkunina. Í dag eru til einungis tveir flokkar, sem einkenna iðkun. Hefðbundin hjólabretti eða brellubretti (*e. trick skate*), sem sameina götu- og palla iðkun, eru um það bil 81 sentimetrar á lengd og 23 sentimetrar á breydd. Svokölluð langbretti, sem notuð eru til að renna sér á miklum hraða niður brekkur, eru um það bil meter á lengd og 23 sentimetrar á breydd, flest bretti eru með báða enda bogna (Margrét, 2008). Nafngiftin á iðkuninni hefur lítið með athæfið að gera, í huga þeirra sem tóku þátt í rannsókninni, eru þeir sem renna sér á hjólabrettum, skeiterar og íþróttamenn. Davíð Hólm, einn af færustu skeiterum landsins, sagði:

Ég, já það er mjög mörgum illa við orðið íþrótt í kringum þetta. Ég er ekki þannig sko, eða þannig. Ég held einmitt þeir sem eru að hugsa það séu einmitt ekki, þú veist skilgreiningin á íþrótt er eitthvað svona, þú veist eitthvað keppnisdót í sjónvarpinu, það verður að vera eitthvað svoliðis, ég sko ég sé það ekki þannig. Mér finnst allt í lagi að kalla þetta íþrótt, þó að þetta sé, eða þú veist æj ég veit það ekki. Mér finnst það líka stundum fólk tala um þetta, af því að þetta er lífsstíll og eitthvað. Maður sér bara eins og þabba minn sem er fótboltamaður. Það er lífsstíll skiluru. Þú veist, hann er með fótbolta á heilanum allan daginn, þannig að, það er ekkert öðruvísi.

Þó svo að hjólabretti séu ekki í eðli sínu keppnisíþrótt, þá er mikið um keppnis hugarfar í gangi hjá skeiterum. Flestir sem hafa náð einhverjum framförum á bretti

eru sammála um að þeir eru með bretti á heilanum og hugsa ekki um annað. Daði Snær, sem er partur af vinnuhóp sem á sér nánast sína tilvist eingöngu skeitinu að þakka, sagði þegar ég spurði hann hvort hann hugsaði mikið um skeit þegar hann væri ekki að renna sér: „Já, allan daginn yfirleitt. Ég er algjörlega með þetta á heilanum... Ef ég sé að fara að reyna eitthvað trikk, að filma eða eitthvað svona. Þú veist þá kannski er ég svona kannski, ég er kannski búinn að hugsa um þetta trikk í döldið langan tíma,.. Þetta einkennir flest afreksfólk, það það er altekið af því sem það er að fást við. Þeir sem ná árangri á hjólabrettum eru nemendur íþróttarinnar, ekki einhverjir töffarar eða ógnvænlegir götustrákar.

Ég varð vitni að því þegar Davíð Þór fór að ganga illa, við að klára brellu sem hann var að reyna. Hann var að stökkva niður tröppur hjá Hörpunni og var að reyna að snúa brettinu undir sér á meðan hann hoppaði niður tröppurnar. Annaðhvort lenti hann á brettinu og það skaust undan honum eða hann lenti með brettið skakkt undir sér og datt. Davíð var fyrst ósáttur með slakt gengi, en varð fljótt reiður og pirraður. Á sama tíma var eins og Daði væri að nærast á óförum Davíðs. Daði hafði þetta um ástandið að segja „ég sá bara, pff, djöfull er hann eitthvað pirraður. Ég ætla bara að hafa gaman og leika mér“. Þetta er ákveðin dýnamík sem mér fannst ég nema þegar ég varð vitni að þessu. Þarna var það lyftistöng fyrir Daða að Davíð Þór væri svona pirraður. Upp kom ákveðin keppnistilfinning, ekki eins og í fótbolta eða handbolta, þar sem keppnin snýst um að hafa hinn aðilan undir í átökum, heldur keppni í hugarfari og bjartsýni ef svo má segja. Davíð Þór orðar þetta svona „Þetta er allt annað en fótbolta, hjólabretti eru svo, það eru allir vinir.“ Hér er á ferð venja síaukinnar endurgjafar. Davíð var ekkert að pirra sig út í Daða, hann álasaði sjálfum sér fyrir smávægileg mistök. Daði og aðrir í hópnum voru að hvetja hann. Þegar á þessu stóð, safnaðist saman töluverður fjöldi ferðamanna sem fylgdust af athygli með því sem strákarnir voru að gera.

Þegar Daði talaði um hvatann sem liggur að baki því að fara út og renna sér, taldi hann vera mikinn mun, á þeim sem hafa gaman af því að renna sér og þeim sem þurfa að renna sér. Það eru annars vegar, einstaklingar eins og ég, sem renna sér af og til og passa sig í grófum dráttum á því að koma heilir heim, að undantöldum smáskránum og hins vegar eru þeir sem finna hjá sér brennandi þörf, fyrir að fara út og ná framförum. Eins og Daði orðaði þetta „Klárlega. Já munurinn á herna, hei, eigum við kannski að fara að skeita í kvöld og ég verð að fara að skeita í kvöld“.

Þetta sá ég hjá öðrum skeiterum sem eru alltaf að keppa við sjálfa sig, viljinn til að verða betri verður nánast að þráhyggju. Staðlað keppnisform er ekki hentugt til að ná utan um vítt svið hjólabrettamenningarinnar. Það er ekki þar með sagt að keppnir séu alfarið slæmar eða neikvæðar í augum skeitera.

Myndun og samsetning

Til að samvinnuhringur geti myndast þarf að vera til staðar einhverskonar lærifaðir eða hliðvörður, sem heldur utan um nýja meðlimi. Ársæll Þór Ingvarsson, betur þekktur sem Addi, hefur verið að renna sér síðan á níunda áratug síðustu aldar. Hann hefur ásamt foreldrum yngri iðkenda tekið þátt í því að stofna Hjólabrettadeild Reykjavíkur. Sumarið 2011 byrjaði hann að taka upp myndefni sem hann notaði til að framleiða þættina *First Try Fail Mondays*. Í þeim þáttum fylgdist hann með skeiterum í Reykjavík og fékk þá til að reyna erfiðar brellur í einni tilraun. Þessir þættir urðu til þess að samvinnuhringurinn sem ég hef fylgst með í þessari rannsókn varð til. Davíð Hólm sem flutti til Reykjavíkur árið 2006 til að hefja nám við Listaháskólann, lýsti aðkomu sinni að þáttunum svona:

„Þúveist ég fór til Kína hérna eftir skólann, og hérna, já og kom síðan aftur. Þá var ég búinn að filma semsagt, allt í Kína og Addi sá það og fékk mig til að koma þarna í *First Try Fail*“

Samkvæmt kenningu Farrells (2001) eru ekki allir staðir jafn líklegir til að stuðla að myndun samvinnuhings. Umhverfið verður að hýsa einstaklinga, sem tilbúnir eru til að deila þeirri þekkingu og visku, sem þeir hafa aflað. Þar sem enginn Íslendingur hefur náð að framfleyta sér eingöngu á auglýsingatekjum eða styrkjum í sambandi við hjólabrettaiðkun, þá er ekki hægt að tala um íslenska atvinnumenn. Hlutastyrkir eru þó ekki óalgengir á Íslandi og allir viðmælendur mínir hafa á einhvern máta náð að drýgja tekjur sínar með ástundun á áhugamáli sínu. Keppnir eru ekki algengar á Íslandi og verðlaunaffengar r mnnumenn. Hlutastyrkir eru þera til staðar.leikum sem umhverfið blandi og verðlaunin eru oft meira af nafninu til, alla vega ekki viðlíka rausnarleg og í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þannig að á Íslandi er mikilvægt að framleiða góð og vel samsett myndbrot til að vera partur af því netsamfélagi sem gæti fært hjólabrettamanni einhverskonar umtal á Íslandi. Daði lýsir hlutverki Adda í framleiðslu á myndefni fyrir íslenska skeitera:

Já, líka bara hann, þú veist, hann tók svo marga skeitera og stundum þá gat hann ekki fengið neina skeitera. Þá mætti hann bara á *session* hjá einhverju krúi og filmaði það. Skiluru?

Addi hefur unnið að því undanfarin ár að koma íslenskum iðkendum á framfæri og að kynna sportið á Íslandi. Áðurnefnd Hjólabrettadeild Reykjavíkur var stofnuð undir Jaðaríþróttarfélagi Reykjavíkur, sem er einhverskonar regnhlífarsamtök. Til þessara samtaka heyrir líka BMX deild Reykjavíkur. Jaðaríþróttafélag Reykjavíkur hefur unnið að því að efla samskipti milli iðkenda og Reykjavíkurborgar. Þegar ég var að spyrja Davíð Þór um það hvernig hann hefði komist í samband við aðra skeitera sem voru á svipuðum stað og hann hvað varðar getu og metnað, þá sagði hann meðal annars:

Ég kynnist náttúrulega Adda fyrst og svo var Addi náttúrulega bara líka í sambandi við Davíð Hólm og við kynntumst honum eiginlega bara líka í gegnum skeit, svona mánuði eftir að við kynntumst Adda.

Hann hefur verið hliðvörður og lærifaðir þeirra í þessum samvinnuhring. Eins og kenningin um samvinnuhringi segir til um um þá er vinskapur og vinaleg samkeppni milli tveggja jafningja mikilvægur þáttur í framgangi listar eða annara sköpunarverka. Davíð sagði að Addi hefði „bara, hann var alltaf eitthvað svona, hérna hey villtu filma þetta eða villtu gera þetta eða eitthvað.“ Burt séð frá ástæðum þess að Addi byrjaði að framleiða þessa þætti þá hafa þeir haft varanleg áhrif á Íslenska skeitmenningu. Með tíðum myndbirtingum og auknu aðgengi að myndefni, hafa upplýsingar um möguleika sem hjólabrettaiðkendar í Reykjavík hafa, staði og brellur, fyllt byrjendur andgift. Þannig geta verk eins aðila hvatt hina sem tilheyra hópnum til að ná jafn langt ef ekki lengra en sá færasti.

Myndbrot og önnur myndbirting

Um tíu ár skilja að þann elsta og yngsta í hópnum. Engin þeirra á börn sjálfur eða er heimilisfaðir. Þeir deila svipuðum lífsskoðunum og hafa mikin áhuga á því sem þeir eru að gera. Þar sem þeir kynnast í gegnum sameiginlegt áhugamál og sameiginlega vini þá er auðvelt fyrir þá að hlúa að verkfræðilegri nánd. Þegar ég spurði þátttakendur um hvernig þeim gengi að fara út og stunda sportið þrátt fyrir vont

veður og krefjandi aðstæður, þá svöruðu þeir ekki allir eins, en kjarninn í svörum þeirra var samt einhvernveginn sá sami. Davíð Þór sagði „Nei ég kem alltaf á bretti“. Davíð Hólm sagði þegar hann var spurður hvort að það væri alltaf jafn auðvelt að fara út og renna sér „Nei, Samt einhvernveginn, fer ég samt, hahaha. Oft er það bara til að hreyfa sig líka, bara til að gera eitthvað“ og Daði sagði:

Það er stundum erfitt að rífa sig á lappir en það er helst ef maður tekur þú veist einn, tvo, þrjá daga og svo kannski á fjórða degi í röð sem þú ert bara búinn að vera að, skeita skeita skeita, þá ertu soldið svona andlega döldið búinn, þó þú eigir kanski alveg nóg eftir í líkamanum, þú veist líkaminn er alveg, en maður er bara svona, vá, ég þarf pásu, ég þarf að dreifa huganum ég þarf að hugsa um eitthvað annað í einn.

Þessi andlega þreyta tengist líka þeim andlegu átökum sem fylgja því að vera að framkvæma svona hættulega hluti. Menn heyja stöðug baráttu við sjálfan sig, að mana sig upp í áhættuatriði. Daði talar um að þegar á að framkvæma eitthvað erfitt, þá eigi hann í stríði við sinn eigin huga. „Ég líka stundum, maður lendir alltaf í einhverju svona *mind fuck*, fattaru“. Í þessari baráttu kristallast mikilvægi verkfræðilegrar náandar og venja síaukinnar jákvæðrar endurgjafar. „Það er einhvernveginn skemmtilegra að skeita með vinum, þá fær maður meira hæp og líka bara skemmtilegra“ segir Davíð Þór. Þegar á hólminn er komið og það er kominn tími á að gera eitthvað verulega hættulegt, sem gæti valdið iðkandanum varanlegum skaða, þá segir Daði líka að nærvera vina sé ómetanleg „Jájá. Þú veist og ef að félagarnir eru þarna og þá, þú veist þá fær maður meira svona pepp“. Þessi félagsskapur hefur það sameiginlega markmið að taka upp listir sínar á myndband. Tilvist hópsins snýst nánast að öllu leyti um það að undirbúa sig og æfa sig fyrir myndatöku. Þó er frægð og frami ekki markmið með myndatökuni. Davíð Hólm minntist á sögu af Hlyni Gunnarssyni sem er einn af þeim fyrstu á Íslandi til að verða þekktur fyrir að renna sér niður handrið á bretti og átti á tímabili Guinness heimsmet (*e. Guinness World Record Holder*) fyrir að standa kyrr á tveimur afturdekkjum brettisins. Davíð segir:

Ég var að horfa hérna á Hlyn, það er verið að gera svona heimildarþátt um hann. Þá er hann einmitt að tala um þetta. Hann er svo mikill *rail* gaur, hann var að tala um *rail* sem hann, hérna. Það er eitthvað þrettán

tröppu *rail* uppí Grafarvogi. Þá var hann búinn að vera að hugsa um það geðveikt lengi. Svo kom einhver breskur ljósmyndari og þá hugsaði hann bara ok, einmitt, núna er tækifærið skiluru. Og þá gat hann farið og gert þetta.

Myndbrotin eru afrakstur tæknilegrar getu hjólabrettaiðkandans og listrænnar sýnar þeirra sem kvikmynda. Afrakstur myndatökunnar er vara sem er mjög markaðsvæn og hentar vel til auglýsinga. Þegar Daði talar um afkomumöguleika í þessum bransa „allt svona eitthvað svona þetta er svona markaðssetning“, minnst hann meðal annars á sérstök hjólabrettablöð sem aflu mikilla tekna „Og þú veist, náttúrulega að reyna fá eins mikið og þú veist að fá eins mikið af myndum hérna í skeit blöðin, fattaru?“ Þeir sem að framkvæma brellurnar í myndbrotunum fá ekki endilega greitt fyrir þær. Hægt er að fanga hugmyndir um dirfsku og þor á nokkrum sekúndubrotum, þessum hugmyndum er auðveldlega hægt að miðla í víðs neytendahóps. Davíð Hólm lýsir tilfinningum sínum í garð myndbandsgerðar á þennan hátt. „Það er nefnilega þínu skrítið með þessa vídjó parta, það er bara gaman að búa þá til, síðan er mér eiginlega alveg sama hvort að einhver sér þá eða ekki“. Þarna kemur í ljós ákveðin hógværð í garð eigin getu en hann segir líka:

Ég sýni bara einhverjum hann ef einhver bara svona, gaman líka ef að maður hittir einhverja... að geta sýnt einhverjum eitthvað sem maður hefur gert eða eitthvað skiluru.

Þarna kemur í ljós smá misræmi, þó svo að frægð og frami séu alls ekki takmarkið, þá virðist samt vera gaman að deila eigin reynslu með öðrum sem hafa svipuð áhugamál. Drifkrafturinn sem þeir veita hvor öðrum með því að mynda listir hvors annars ásamt venju síaukinnar jákvæðrar endurgjafar, ögrar getu þeirra og stuðlar að framförum. Daði segir eftirfarandi um hættuna og fórnarkostnað:

Ef maður sé að gera eitthvað kannski hættulegt trikk og maður sé ekki með kameru. Þá er maður mjög, svona, þú veist, ég. Það eru náttúrulega allir skeiterar einhvernvegin, tala fyrir sig fattaru. Þú veist mismunandi einhverneginn og ég svona einhverneginn ef að það sé ekki kamera. Þá á ég erfiðara með að reyna það. Um leið og kameran kemur. Þá er ég miklu auðveldari í hausnum og svona, já, gerðu þetta

bara, þora þessu. Þannig, það hefur líka áhrif.

Þeirra álit á samveru virðist snúast um aukna orku, skemmtun og vellíðan. Þessi samvera og hvatning sem þeir veita hvor öðrum er þó ekki bara bundin í orð. Gengi hvers og eins hefur tilfinningarleg áhrif á viðstadda og hegðun einstaklinga innan hópsins getur verið hvetjandi. Andlegt hugarfar og viðhorf til þeirra vandamála sem fylgja því að reyna að ná framförum á ákveðnu sviði getur verið lyftistöng fyrir einstaklinga innan hópsins sem eru ekki að etja kappi við sömu vandamál á sama tímamarki. Þegar Daði talar um andlegar meinlokur og ástæður þess að manni geti gengið vel einn daginn en hræðilega þann næsta segir hann:

Já. Þetta er andlegt. Allan daginn. Þú veist það er bara, eins og þú varst vitni að þarna, það er bara óþolinmæði, og bara svona pirringur, eitthvað bara svona þú veist, ef hann hefði bara verið svona, *chillin'* og verið bara að hugsa út í það sem hann væri að gera í stað þess að vera bara, vragh, vraghh. Þetta er ömurlegt arrgh!

Það þarf oft ótal margar tilraunir til að ná tveggja til þriggja sekúndna myndefni. Það getur því tekið mánuði, jafnvel ár að setja saman það sem skeiterar kalla að öllu jöfnu, *part*. Mikla yfirvegum þarf til að ná bestu og fallegustu tilraunina á filmu. Það er annað að framkvæma brelluna og láta líta svo út fyrir að framkvæmdin hafi ekki veyið neitt mál. Davíð Hólm hefur gert myndbönd sem hafa ratað víða og hefur tryggt honum hlutasamning hjá hjólabrettabúð í Reykjavík. Hann veltir fyrir sér hvað aukin tækni og aðgengi að slíkum myndbrotum hafi á unga einstaklinga sem eru að feta sín fyrstu fótspor í sportinu. Nýlega varð til keppni sem ber nafnið *Street League*, sú keppni er hugarfóstur stórfyrirtækisins *Nike*. Hann hafði þetta um keppnina að segja og möguleg áhrif hennar á sýn þeirra sem ekki þekkja til af eigin raun, hversu flókið og erfitt það getur verið að ná svona færni:

Og líka bara, það er náttúrulega bara rugl hvað þeir eru *consistent* og bara rugl góðir á bretti, maður bara spáir svona, bara hvað það, svona gerir fyrir fólk sem er að horfa á þetta og hefur áhuga á að horfa á það, skilur. Hvað þú veist, hvað þau halda um hjólabretti skiluru. Já þú gerir bara einhver *crazy trick* í fyrstu tilraun bara, það er það sem þau halda að það að vera góður á hjólabretti... ef einhver gaur gerir góðan

videopart eða eitthvað og hann er geggjaður, þú veist, þá veit maður ekkert skiluru hvað er að baki, voru bara fimm tímar að baki einu trikki?

Hann hefur áhyggjur af því að nýliðar setji sér óraunhæfar kröfur þegar þeir eru að byrja í sportinu: „Þá held ég einmitt að áhorfandinn missi þínu, þú veist af því hvað er mikið *dedication* á bak við bara hvert einasta trikk“.

Viðskipti

Flest ef ekki öll vörumerki sem hanna og selja hjólabrettavörur eru með svokallað keppnislið á launum. Þetta lið er frábrugðið öðrum liðum í öðrum þróttagreinum eins og körfubolta og fótbolta, það sem ekkert fast form er á keppni milli þessara liða. Það er ekki til nein hjólabrettadeild eins og til dæmis körfuknattleiksdeildin NBA, eða enska úrvalsdeildin í fótbolta. Þessi lið eru í raun frekar eins og hópur einstaklinga sem eru atvinnumenn og auglýsa fyrirtæki sem framleiðir ákveðið merki. Þannig getur einn einstaklingur tilheyrt mörgum liðum. Enska orðið *team* er þýtt yfir á íslensku sem lið en það getur líka átt við hóp og er sú skilgreining betur til þess fallin að lýsa þessu fyrirbæri. Einn hópur auglýsir dekk, á meðan annar auglýsir öxla og svo er það enn annar hópur sem auglýsir brettaplötur, sandpappír og að lokum skó. Undanfarin ár hafa auglýsingasamningar við skófyrirtæki verið einna arðbærustu samningarnir, sérstaklega eftir að stórfyrirtækið *Nike* fór að framleiða og selja hjólabrettaskó.

Áður en fyrirtæki fóru að sérhæfa sig í hönnun og framleiðslu voru það hjólabrettabúðirnar sem seldu varninginn, sem studdu þessa hópa fjárhagslega. Framtakssemi einstaklinga við myndun slíkra hópa hefur í einhverjum tilfellum getið af sér fyrirtæki sem enda á því að sérhæfa sig í hönnun og framleiðslu. Vörumerkið Flip er dæmi um slíkan hóp. Strákar sem voru að skeita fyrir hönd annara fyrirtækja, stofnuðu sitt eigið vörumerki til að prenta á hjólabrettaplötur.

Íslenskir skeiterar hafa hermt eftir þessari viðskiptahugmynd, með misgóðum árangri. Daði lýsir tilraun til að setja á stofn fyrirtæki í kringum hjólabretti:

Smile, Team. Skate Team sem bara þú veist bara, strákar í Breiðholtinu, voru bara að skeita. Þú veist eins og í útlöndum þá eru

alltaf *team* skiluru, þú veist. *Flip Team*, eitthvað svona þú veist. Þú veist mér var eiginlega bara boðið að koma inn í þetta *crew* þú veist, út af, af því ég var þú veist ágætur að skeita og kannaðist við alla og eitthvað. Síðan eftir það þá þróaðist það bara í að við höfum gefið út, e, tvær, skeit myndir, á DVD.

Þessi lýsing Daða er vísbending um drauma ýmissa skeitara um atvinnumennsku. Af þeim skeiterum sem eru virkir í dag, hafa Daði og vinur hans, Davíð Þór, verið hvað duglegastir við að sækjast eftir þátttöku í keppnum. Davíð lýsir fyrstu keppninni sem hafði varanleg áhrif á hann:

Fyrsta keppnin sem ég vann svona, það var í Mosó, þegar Flip tímið kom, þá var einhver svona keppni þar og gæjarnir í Flip voru að dæma... það var keppni sem ég man mjög mikið eftir... það var mjög gaman að vinna þessa keppni.

Augljóst er hvernig nærvera sögufrægs liðs í hjólabrettageiranum eins og *Flip* liðið er, getur haft áhrif á hugmyndir skeitara eins og Davíð Þór og Daða Snæ um möguleika þeirra í hjólabrettaheiminum. Daði segir jafnframt „Það er eiginlega draumur allra sem byrja að skeita, að verða einhvern tímann atvinnumaður, þú veist einhvern tímann“. Það eru ekki allir með sömu hugmyndir um það hvað það er að vera skeiter, en flestir eru þó sammála um að þeir væru til í að fá á einhverjum tímamarki greitt fyrir það sem þeir eru að gera.

Það þarf að vara sig

Allra bestu skeiterar eru líklegir til að hafa upplifað töluverðan sársauka á ferli sínum. Sá sem ætlar að framkvæma einhverja brellu, gerir sig líklegan til að stökkva fram af einhverri sillu, eða renna sér niður handrið á miklum hraða, verður að vera með hugann við efnið. Daði segir:

Þú veist svona ef maður, þú veist maður vill náttúrulega ekkert meiða sig, maður vill ekkert slamma. Og þá þarf maður einhverveginn að fá mann í hausnum til að þora. Alveg fara *all in* í það. Ekkert nema þú farir *all in* í það skiluru. Þú veist þá ertu bara með meiri líkur á að slasa þig ef þú gerir það ekki.

Þessi athugasemd hans um að þora tengist líka aðstæðum. Ef aðstæður eru þannig að taka þarf tillit til margra umhverfisþátta, þá fer minna af einbeitingu í framkvæmd brellunnar sjálftrar. Skeiterinn má því ekki vera of upptekinn af því sem hann þarf að vara sig á. Davíð Hólm segir “Það er bara, undantekning ef það er ekki eitthvað að malbikinu eða hellunum, bara rétt fyrir fram þar sem maður er“. Út um allan heim eru sérhönnuð svæði, ætluð til hjólabrettaiðkunar, rekin af hinu opinbera. Afmörkuð svæði í almenningsgördum, geta hýst þessa iðkun, án þess að stefna öðrum borgurum í hættu. Einnig er hægt að vernda umhverfið, með því að byggja upp öfluga aðstöðu. Innanhús aðstaða færir iðkun úr bílakjöllum og niðurbrot á mannvirkjum afmarkast við þar til gerð svæði.

Áhrif umhverfis

Siglingar eru ekki algengar í fjallendi, sömuleiðis er hjólabrettaiðkun háð umhverfi sínu. Geta einstaklingsins til að skara fram úr á sínu sviði er að einhverju leyti háð því að umhverfið bjóði upp á framfarir, samanber þurrkatímabilið í Kaliforniuríki árið 1976. Kostnaðarsamt er að byggja séraðstöðu fyrir hjólabrettaiðkun á Íslandi og iðkendur eru hlutfallslega ekki margir, miðað við íbúafjölda. Þó hafa staðir eins og Harpan, Ingólfstorg og Loftkastalinn verið samkomustaðir fyrir íslenska hjólabrettaiðkendur í um það bil tíu ár. Þar lærir hver af öðrum og staðurinn er vettvangur nýrra kynna. Ingólfstorg hefur verið vinsæll staður fyrir hjólabrettaáhugafólk, allt frá því að torgið var fullklárað. Árekstrar milli hjólabrettaáhugafólks og annara borgara hafa verið tíðir og neikvæð umfjöllun um hjólabretti hefur verið meira áberandi en jákvæð umfjöllun. Staðurinn hentar vel til iðkunar og er í miklu uppáhaldi hjá hjólabrettaáhugafólki. Daði Snær metur það svo að Ingólfstorgið sé hentugasti staður til iðkunar á Íslandi:

Átta tröppurnar eru bara mest *perfect* skeit staður sem þú finnur á Íslandi sko... Það er bara þannig sko... Bara jörðin, bara hellurnar. Þetta er svona eins og að renna sér úti í *Barcelona* þetta er svona svipað eins og jörðin þar, skiluru. Þú veist aðkoman er alveg *clear* og landingin er alveg *clear*.

Hjólabrettapallar og lítil box hafa verið til staðar á Íslandi síðan á níunda áratug tuttugustu aldar. Þessi búnaður hefur verið kostaður af hinu opinbera. Sveitarfélög

hafa eytt mismiklu fé í að byggja upp afmörkuð svæði sem eiga að heita hjólabrettagarðar. Þessi svæði hafa verið ófullnægjandi að mati þeirra sem stunda hjólabrettasportið. Annað hvort hafa hindranirnar verið of krefjandi fyrir nýliða eða möguleikar á framförum verið takmarkaðir. Davíð Hólm rifjar upp hvernig aðstæður voru á Akureyri í barnæsku hans:

Það var náttúrulega bara ekkert einhver svona alvöru staður í rauninni en svona ég held að margir hafi auðveldlega orðið þreyttir á því sem var í boði, það er svona eitt park sem var. Eða þú veist, park? Svona einhverjir pallar á einhverju plani. Það voru ekkert margir sem gátu byrjað þar, skiluru að leika sér. Það voru nokkrir sem voru orðnir ágætir sem gátu verið þar... Já, margt var svona bratt og einhver stór *rail* og eitthvað, allavega fyrir byrjendur.

Einnig hafa aðstæður ekki verið nægilega ögrandi fyrir þá sem eru lengra komnir. Hlutur umhverfisins í hjólabrettasportinu er mikill, aðstæður verða að leyfa iðkun. Hjólabrettasportið er sköpun og margbreytileg sköpunargleði einstaklingsins eru í grunnur iðkunarinnar. Hver og einn hefur frelsi til að tjá sína sýn og notar til þess umhverfið til að auka á fjölbreytileika. Fjölbreytni og lifandi þróun verður að vera partur af umhverfinu. Umhverfislegir þættir eru því lykilatriði þegar kemur að þróun og framförum innan íþróttarinnar. Davíð Hólm, sem hefur ferðast til Danmerkur, Spánar og Kína til að renna sér á bretti hefur þetta um aðstöðu á Íslandi að segja:

Um aðstöðu og svona samt. Þó að ég sé náttúrulega allveg þakklátur fyrir að hafa innipark og svona, þá hefur maður alltaf einhvern stað til að fara á á veturnar og svona, þá, þá, en mér finnst alltaf. Eða þú veist maður er alltaf ánægður með að einhver, allavega að reyna að gera eitthvað... En það er svo oft, allgjört hálfkák á því... Það svona vantar eiginlega, svona næsta level. Maður kemur úr parkinu, kemur út finnur eitthvað, þá er það bara, það eru svona nokkur skref þarna á milli, skiluru... Það er einhverneginn ekkert sem tekur mann á það level að geta tekist á við það sem manni langar að gera einhverneginn... Það væri gaman eða ég mundi vilja að það væri eitthvað í boði sem einmitt, þeir sem að virkilega vilja vera að stunda sportið eða eru að reyna að komast á hærra level, að gera eitthvað sem þar sem maður er alltaf að

keppast við sjálfan sig um að vera að gera eitthvað betra, að þróast.

Það vantar þínu aðstöðu til að ná þangað.

Nýlega var byggð aðstaða í Laugardalnum sérstaklega hönnuð með hjólabrettaiðkun í huga. Meðan á þessari rannsókn stóð, fann ég engan skeiter sem var sáttur við útkomuna. Aðfallshorn að hindrunum og beygjuradíus aðstöðunnar í heild er ekki sem best verður á kosið. Svæðið lítur vel út og er stílhreint en almennt eru iðkendur sammála um að þarna hafi ekki verið nægilega mikið samráð haft við iðkendur. Aðstaðan er þó vel nýtt, þar sem fátt annað er í boði.

Aðstaða í Reykjavík

Tónlistarhúsið Harpan er í augum skeitera á Íslandi eitthvað annað og meira en bara tónlistarhús. Þeir eru ólíklegir til að deila þeirri skoðun að húsið hafi verið of dýrt og þjóni bara einhverri fámennri listaelítu á Íslandi. Þeir hafa engan áhuga á fyrirlestrasölunum, Eldborg og öðrum tónleikasölum inni í húsinu. Fyrir þeim sem renna sér á hjólabrettum og leitast við að verða betri í dag en þeir voru í gær er Harpan himnasending. Þar er alltaf logn, Davíð Hólm segir að þar sé „alltaf gott veður“ eða í það minnsta veitir Harpan skjól fyrir algengustu vindáttum. En það sem mestu skiptir eru kantarnir. Eins og Daði Snær kemst að orði „Bara aðallega kantarnir sem gera staðinn sko, á Íslandi þá er mjög lítið af svona skiluru, köntum. Sem við getum skeitað, þú veist af því að þetta er allt svo gróft.“ Harpan er þannig staður að þeir sem renna sér nota staðinn sem einhverskonar samkomustað eða útgangspunkt þegar á að renna sér í miðbænum. Davíð Hólm segir:

Ég mundi segja að það sé einmitt mjög mikilvægt að það sé einhver staður svona þar sem maður, þú veist svona eins og Ingó og Harpan og svona, ef maður ætlar bara út að hanga skiluru, þá er líklegt að einhver fari þangað líka.

Lítið er um innanhús aðstöðu í Reykjavík. Þó hefur Brettafélag Reykjavíkur rekið innanhús aðstöðu á horni Seljavegs og Nýlendugötu. Sú innanhúsaðstaða ber nafnið Loftkastalinn, eða Loftó. Leigusalinn hefur þó sagt upp leigusamningnum þegar þessi orð eru skrifuð og framtíð innanhúsaðstöðu í Reykjavík er að einhverju leyti í uppnámi. Slík óvissa og breytingar eru hamlandi fyrir framgang

hjólabrettaíþróttarinnar í Reykjavík. Annað félag hefur verið að ryðja sér til rúms í málefnum jaðariþróttar í Reykjavík. Félagið Jaðariþróttafélag Reykjavíkur hefur unnið í samráði við Reykjavíkurborg að uppbyggingu á pöllum og öðrum búnaði sem hefur verið komið fyrir á Ingólfstorgi. Félagið er einnig í samráði við frístundamiðstöðina Gufunesbæ í Grafarvoginum að vinna að innanhús aðstöðu sem á að vera hönnuð af skeiterum og byggð sérstaklega fyrir hjólabrettaíðkun og bmx hjól. Jaðariþróttafélag Reykjavíkur eða JFR, er fyrsta félag sinnar tegundar á Íslandi. Félagið samanstendur af iðkendum og foreldrum sem gera sér grein fyrir mikilvægi jákvæðs félagslegs umhverfis í frítímaíðkun. Þau segjast leggja áherslu á að laða börn og unglíngja að verkefninu, sem verði til þess að auka lífsgæði og þroska þeirra. Sameiginleg ábyrgð á umhverfinu og jákvætt félagslegt umhverfi sé mikilvægt. Í stefnuyfirlýsingu þeirra segjast þau vilja „ draga fram það skemmtilega og áhugaverða í lífinu“. Þetta er jákvæð þróun, því að jaðariþróttir hafa haft neikvæðan stimpil á sér, þar sem margar þeirra eiga rætur sínar að rekja til félagslegs andófs.

Listrænir tilburðir

Við rannsókn á hegðun og tilburðum íslenskra skeitera, tók ég eftir því að ákveðin stílbrigði einkenna hvern og einn skeitara. Hvernig þeir nota hendurnar þegar þeir eru að halda jafnvægi greinir á milli iðkenda og flæði í hreifingum líkist oft dansi. Safn hvers og eins af brellum og brögðum eykur einnig á sérstöðu hvers iðkanda. Þegar bera á saman hálaunaða atvinnumenn og aðra iðkendum sem hafa ekki aðgang að sömu aðstöðu og atvinnumennirnir þá sagði Davíð Hólm:

Þá fila ég meira svona karakter skeitera, svona, einhverjir sem maður sér bara þú veist, svona, þú veist þeir eru ekkert að gera eitthvað þú veist stærstu eða mest kreisí trikkinn, maður sér bara, þeir hugsa þetta bara á sinn hátt einhvernveginn. Mér finnst það alltaf skemmtilegt, þú veist þá, það drífur mig áfram í að sjá hlutina eins og ég sé þá, skiluru. Ekki eins og það væri mest kúl.

Flókið samspil krafta og jafnvægis þarf til að framkvæma margar þessara brellna. Iðkendum leggja mikið á sig til að öðlast þessa færni og oft fylgir ferlinu mikill sársauki. Allt þetta erfiði er ekki unnið með frægð og frama að auginamiði. Skeiterar virðast gera þetta af ástríðu og vegna áhuga á sjálfri íþróttinni. Á þeim tíma sem ég

fylgdist með þessum einstaklingum þá var áberandi hversu mikið af fólki stoppaði og fylgdist með þeim leika listir sínar. Heilu fjölskyldurnar námu staðar, settust niður og borðuðu nesti sitt við tónlistarhúsið Hörpuna, sem þegar hefur verið markaðssett fyrir ferðamenn. Úti í Bandaríkjunum borgar fólk stórfé fyrir að komast inn á stórviðburði á borð við *X-games* og *Street League*, sem eru kappleikar í mörgum jaðarsportgreinum. Fjölgun ferðamanna á Íslandi á undanförunum áratug hefur vakið spurningar um það hvernig Íslendingar eiga að markaðssetja Ísland og hvaða auðlindir við ættum að nýta til að koma til móts við aukinn ferðamannastraum. Hjólabrettaiðkun er götulist, gjörningur sem þarfnast þekkingu, kunnáttu, reynslu og hæfileika. Margar leiðir eru til að stunda þessa íþrótt. Markaðsstaða fyrirtækja sem sérhæfa sig í sölu á varningi sem tengjast hjólabrettum hefur styrkst á undanförunum tuttugu árum. Íþróttin mótar tískustrauma og önnur listform, eins og til dæmis tónlist. Heimur hjólabrettana einkennist af sköpun, húmor, samheldni og jákvæðu hugarfari. Áberandi er hversu mjög iðkendur hvetja hvern annan og fagna þegar vel til tekst.

Umræða

Rannsóknir á félagslegum aðstæðum í Jaðarsportsgreinum á Íslandi eru nánast ekki til. Þáttur aðstöðu í framgangi iðkunar hefur verið lítið skrásett og lítið er til af gögnum til að styðjast við. Rannsóknin sem þessi ritgerð styðst við er bara agnarsmá Miðað við umfang íþróttarinnar um allt land. Reykjavík er stærsti þéttbýliskjarninn á landinu og bíður upp á fjölbreytilegustu aðstæður til hjólabrettaiðkunar. Aðstæður á landsbyggðinni eru enn frumstæðari en í Reykjavík. Íþrótt og -tómstundaráð Reykjavíkur heldur úti öflugum tómstundarstarfi í Reykjavík, þar sem aðaláhersla er lögð á sundstaði, félagsmiðstöðvar og frístundarheimili. Þó svo að félagsmiðstöðvar og frístundarheimili nái að þjóna stórum hópi ungmenna þá eru ákveðnir hópar sem passa ekki inn í félagsstarf þar sem um mikla hópamyndun er að ræða eða samvinnu í hóp er krafist. Hópiþróttir eiga ekki við alla og einstaklingar í áhættuhópum eru líklegri til að færast út á kantinn með aldrinum og upplifa enn meiri félagslega einangrun ef þeir taka ekki þátt í einhverskonar félagsstarfi á unglingsárunum. Hjólabrettaiðkun er þess eðlis að ákveðin kraft og styrk þarf til að ná framförum. Þessar framfarir geta ekki átt sér stað á sparkvöllum eða við aðrar aðstæður sem ekki eru sérstaklega hannaðar fyrir hjólabrettaiðkun. Mikilvægt er fyrir þá sem hafa áhuga á því að stunda hjólabrettaiþróttina, að fá verkefni sem henta getu og styrk hvers og

eins. Frístundakort Reykjavíkurborgar er gjaldgengt á hjólabrettanámskeiðum á vegum Brettafélags Reykjavíkur og önnur úrræði fyrir þá sem vilja æfa íþróttina við formlegar aðstæður fer fjölgandi, samanber fjölgun á félögum sem sérhæfa sig í greininni. Stór markaður styður við þátttakendur í hjólabrettaheiminum, markaður sem núna er aðgengilegur á flestum heimilum gegnum netmiðla á borð við *youtube*. Miklar fjárhæðir skipta um hendur í þessum heimi og ungir iðkendur eru móttækilegir fyrir áhrifum sem myndbirtingar á *youtube* hafa í för með sér. Bæta má starf félagasamtaka í hjólabrettaíþróttini, sem mótvægi við þær staðalímyndir sem birtast ungum iðkendum í gegnum auglýsingar og þann heim sem amerískir fjölmiðlar selja í gegn um kappleiki þar sem bestu atvinnumenn heims etja kappi. Þörfin á sérútbúnum hjólabrettagörðum, sem reknir eru af hinu opinbera undir merkjum íþróttar og tómsunda, er að mínu mati mikil. Hjólabrettaiðkun í eðli sínu er ákveðið andsvar við tilveru í manngerðu borgarumhverfi, sem er í samhljómi við kenningar Elias og Dunning (1986). Við upphaf nútíma hjólabrettaiðkunar voru ungmenni sem ekki þörsuðu inn í hið viðtekna norm meðal þeirra sem stunduðu þessa íþrótt (Mortimer, 2008; Brisick, 2004; Davis, 2004). Með tíð og tíma hefur þessi iðja verið meginstraumsvædd, með miklum auglýsingatekjum og atvinnumönnum sem gegna hlutverki fyrirmynda (Burstyn, 2005; Atencio og fl, 2009; Birrell, 1981; Bizman, 2002). Rannsóknin sem þessi ritgerð er byggð á nær ekki að fjalla um nema brot af þeim þáttum sem hafa áhrif á þá einstaklinga sem stunda þessa íþrótt. Ætlun mín um að fjalla um iðkendur eftir betrubættir kenningu Cotre (2013), strandaði á stöðu hópsinns hvað varðar, reynslu, stöðu og möguleika á framförum. Kening Farrells (2001) á þó vel við til að lýsa samspili innan hópsinns. Samanburðarannsóknir á aðstöðu á Íslandi og á Norðurlöndunum mundu gefa góða hugmynd um hversu mikill munur er á stöðu mála á Íslandi og í nágrennalöndum. Iðkendur eru vissulega fáir en þeir sem leita í einstaklingsíþróttir gera það ekki af neinni tilviljun (Burstyn, 2005;). Það eru afgerandi félagslegir þættir sem ákvarða þátttökugetu einstaklinga í hópíþróttum. Sá hópur sem leggur stund á hjólabrettaíþróttina þarf á meiri stuðningi að halda. Án endurbættar aðstöðu og aukins skilnings á því um hvað slík aðstaða þarf að innihalda er ekki mikið rúm fyrir framfarir og framtíð á sviði atvinnumennsku íslenskra hjólabrettaiðkenda (Borden, 2001; Jenkins, 1983; Mortimer, 2008; Brisick, 2004; Davis, 2004; Bourdieu, 1993; Corte, 2013; Edwards og fl. 2004) . Þessi ritgerð hefur sýnt fram á ótvíræða kosti þess að tilheyra samfélagi jafningja, þegar kemur að framúrskarandi sköpun og

nauðsyn þess að hafa aðgang að umhverfi sem stuðlar að framförum. Vináttan sem viðmælendur mínir og aðrir þátttakendur í þessari rannsókn, deila sín á milli, hefur gegnum verkfræðilega nánd og venju síaukinnar jákvæðrar endurgjafar, aukið getu þeirra (Farrell, 2001; Elias og Dunning, 1986). Umhverfislegir þættir hafa ótvíræð áhrif á getu þeirra sem vinna að sérhæfingu á sviði hjólabretta (Corte, 2013; Bourdieu, 1993; Edwards og fl. 2004). Þeir sem æfa fótbolta, handbolta, körfubolta eða jafnvel badminton á Íslandi, eiga raunhæfan möguleika að að verða atvinnumenn á einhverjum tímapunkti í lífinu. Framtíðarmöguleikar einstaklingsins hafa rík áhrif á getu og löngun hans til að fórna sér fyrir það sem hann leggur stund á. Jákvætt félagslegt umhverfi einkenndi aðstæður hjólabrettaiðkenda á þeim tíma sem ég fylgdist með þeim. Margir iðkendur eru þó ungir að aldri og hafa því ekki náð miklum félagslegum þroska. Því er enn mikilvægara að veita þessu fólki formfasta félagslega umgjörð og krefjandi verkefni sem gætu fangað hug þeirra á slíkan máta að einhver framtíð liggir fyrir þeim. Munur á iðkendum getur birst í svo mörgum myndum, til dæmis er aldursmunur, getumunur og áhugasviðsmunur á iðkendum svo eitthvað sé nefnt, þannig er í rauninni ekki hægt að setja alla hjólabrettaiðkendur undir sama hatt. Þannig gætu frekari rannsóknir á samsetningu samvinnuhringja á Íslandi hjálpað til við að styðja betur við þau ferli sem liggja að baki farsællar samvinnu.

Heimildaskrá

- Atencio, M., Beal, B. og Wilson, C. (2009). The distinction of risk: Urban skateboarding, street habitus, and the construction of hierarchical gender relations. *Qualitative Research in Sport and Exercise*, 1(1), 3–20.
- Birrell, S. (1981). Sport as ritual: Interpretations from Durkheim to Goffman. *Social Forces*, 60, 354–376.
- Bizman, A. og Yinon, Y. (2002). Engaging in distancing tactics among sport fans: Effects of self-esteem and emotional responses. *The Journal of Social Psychology*, 142, 381–392.
- Borden, I. (2001). *Skateboarding, Space and the City: Architecture and the Body*. London: Bloomsbury Academic.
- Borden, I. (2014, mars). *Institutional Research Information Service: Biography*. Sótt 15. apríl 2014 af <https://iris.ucl.ac.uk/iris/browse/profile?upi=IMBOR56>
- Bourdieu, P. (1993). *The Field of Cultural Production*. Cambridge: Polity Press.
- Brisick, J. (2004). *Have Board, Will Travel: The Definitive History of Surf, Skate, and Snow*. China: Harper Collins.
- Burstyn, V. (2005). Sport as secular sacrament. Í D. S. Eitzen (ritstjóri), *Sport in contemporary society: An anthology* (bls. 11–20). Colorado: Paradigm Publishers.
- Corte, U. (2013). A Refinement of Collaborative Circles Theory: Resource and Innovation in an Emerging Sport. *Social Psychology Quarterly*, 76, 25-51.
- Davis, J. (2004). *Skateboarding is not a Crime: 50 years of Street Culture*. London: Carlton Books.
- Denzin, N. K. (1989). *The research act*. New Jersey: Prentice Hall.
- Detrick, B. (2007). Skateboarding rolls out the suburbs. *The New York Times online*. Sótt 2. maí 2012 af <http://www.nytimes.com/2007/11/11/fashion/11skaters.html?pagewanted=all>.
- Edwards, B. og McCarthy, J. D. (2004). Resources and Social Movement Mobilization. Í Snow, D. A., Soule, S. A. og Kriesi, H. (ritstjórar), *The Blackwell Companion to Social Movements* (bls. 116-152). Oxford: Blackwell Publishers.
- Elias, N. og Dunning, E. (1986). *Quest for excitement: Sport and leisure in the*

- civilizing process*. New York: Basil Blackwell.
- Farrell, M. P. (1976). Patterns in the Development of Self-Analytic Groups. *Journal of Applied Behavioral Science*, 12(4), 523–542.
- Farrell, M. P. (2001). *Collaborative Circles: Friendship Dynamics and Creative Work*. Chicago: University of Chicago Press.
- Farrell, M. P. (2001). *Collaborative Circles: Friendship Dynamics and Creative Work*. Chicago: University of Chicago Press.
- Farrell, M. P. (2008). Comment on Neil McLaughlin Types of Creativity and Types of Collaborative Circles: New Directions for Research. *Sociologica* 2. Sótt 9. febrúar 2014 af <http://www.sociologica.mulino.it/doi/10.2383/27716>
- Freud, S. (1961). *Civilization and its discontents*. New York: Norton.
- Frey, J. H. og Eitzen, S. D. (1991). Sport and society. *Annual Review of Sociology*, 17, 503–522.
- Gans, H. J. (1982). The Participant of Observation as a Human Being: Observation on the Personal Aspect of Fieldwork. Í Burgess, R. C. (ritstjóri) *Field Research: A Sourcebook and Field Manual* (bls. 53-61) London: Routledge.
- Glaser, B. og Strauss, A. (1967) *The Discovery of Grounded Theory*. New Brunswick: Aldine Transaction.
- Gould, L. C., Walker, A. L., Crane, L. E. og Lidz, C. W. (1974). *Connections: Notes from the Heroin World*. Connecticut: Yale University Press.
- Hammersley, M. og Atkinson, P. (2003). *Ethnography: Principles in Practice*. London: Taylor and Francis.
- Hugenberg, L. W. og Hugenberg, B. S. (2008). If it ain't rubbin', it ain't racin': NASCAR, American values, and fandom. *Journal of Popular Culture*, 41, 635–657.
- Hughson, J. og Free, M. (2006). Paul Willis, cultural commodities, and collective sports fandom. *Sociology of Sport Journal*, 23 (1), 72–85.
- Hunt, S. H. (2003). *Alternative religions: A sociological introduction*. Vermont: Ashgate.
- Jenkins, J. C. (1983). Resource Mobilization Theory and the Study of Social Movements. *Annual Review of Sociology*, 9(1), 527–553.
- Junker, B. H. (1960). *Field Work: An Introduction to the Social Sciences*. Chicago: University of Chicago Press.

- Kraszewski, J. (2008). Pittsburgh in Fort Worth: Football bars, sports television, sports fandom, and the management of the home. *Journal of Sport and Social Issues*, 32(2), 139–157.
- Kusz, K. (2007). *Revolt of the white athlete: Race, media and the emergence of extreme athletes in America*. New York: Peter Lang Publishing.
- Lee, F. L. F. (2005). Spectacle and fandom: Media discourse in two soccer events in Hong Kong. *Sociology of Sport Journal*, 22, 194–213.
- Margrét Björk Sigurðardóttir. (2008, mars). Hvenær varð fyrsta hjólabrettið til? *Visindavefurinn*. Sótt 10. ágúst 2014 af <http://visindavefur.hi.is/?id=7218>
- McAdam, D., McCarthy, J. D. og Zald, M. N. (1996). *Comparative Perspectives on Social Movements: Political Opportunities, Mobilizing Structures, and Cultural Framings*. Cambridge: Cambridge University Press.
- McCarthy, J. D. og Zald, M. N. (1977). Resource Mobilization and Social Movements: A Partial Theory. *American Journal of Sociology* 82(6), 1212–1241.
- Mortimer, S. (2008). *Stalefish: Skateboard Culture from the Rejects Who Made It*. San Fran Sisco: Chronicle Books.
- Snow, D. A., Benford, R. og Anderson, L. (1986). Fieldwork Roles and Informational Yield: A Comparison of Alternative Settings and Roles. *Journal of Contemporary Ethnography*, 14(4), 377–408.
- Snow, D. A., Morrill, C. og Anderson, L. (2003). Elaborating Analytic Ethnography. *Ethnography*, 4(2), 181–200.
- Snow, D. A., Zurcher, L. A. og Sjoberg, G. (1982). Interviewing by Comment: An Adjunct to the Direct Question. *Qualitative Sociology*, 5(4), 285–311.
- Wann, D. L. (2006). Understanding the positive social psychological benefits of sport team identification: The team identification-social psychological health model. *Group Dynamics*, 10, 272–296.
- Wann, D. L. og Branscombe, N. R. (1993). Sport fans: Measuring degree of identification with the team. *International Journal of Sport Psychology*, 24, 1–17.
- Wann, D. L. og Pierce, S. (2003). Measuring sport team identification and commitment: An empirical comparison of the sport spectator identification scale and psychological commitment to team scale. *North American Journal of Psychology*, 5, 365–372.

Watson, M. (2007, apríl). *EW.com. Skurban Legend*. Sótt 13. apríl 2013 af <http://www.ew.com/ew/article/0,20034823,00.html>.

Wenner, L. A. (1990). Therapeutic engagement in mediated sports. Í Gumbert, G. og Fish, S. L. (ritstjórar), *Talking to strangers: Mediated therapeutic communication* (bls. 223–244). New Jersey: Ablex.